

Þingsályktun

um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetur á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leit-
að verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi á næsta löggjafarþingi.

Samþykkt á Alþingi 26. apríl 1990.